

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

*Deiliskipulag, íshellir á Langjökli, manngerður hellir.*

Um er að ræða nýtt deiliskipulag sem tekur til manngerðs íshellis á Langjökli, eftir auglýsingu, afgreiðslu Skipulagsstofnunar og að fenginni umsögn forsætisráðuneytisins. Deiliskipulagið nær yfir um 5 ha svæði þar sem afmörkuð verður lóð, byggingarreitur og aðkoma að svæðinu auk skilmála. Samhliða var unnin aðalskipulagsbreyting sem tók til skilgreiningar á afþreyingar- og ferðamannasvæði á jöklinum. Sú breyting tók gildi með birtingu í B-deild Stjórnartíðinda 15. apríl 2025.

Samþykkt í sveitarstjórn 21. maí 2025.

*Deiliskipulagsbreyting, Lyngbraut 5, L190167, sameining lóða og breyttur byggingarreitur.*

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Lyngbrautar 4B og 5 í Reykholti. Í breytingunni felst að lóðirnar eru sameinaðar í eina og byggingarreitur stækkaður. Lóðin heldur staðfanginu Lyngbraut 5, L190167. Skilmálar verða áfram þeir sömu og eru fyrir Lyngbraut 5 þ.e. heimilt er að byggja íbúðarhús á 1-2 hæðum, bílskúr, starfsmannahús, skemmu og gróðurhús. Almenn nýtingarhlutfall er 0,5 en getur verið allt að 0,85 ef um er að ræða byggingu stórra gróðurhúsa.

Samþykkt í sveitarstjórn 16. apríl 2025.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 2. júní 2025.*

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,  
**Vigfús Þór Hróbjartsson.**

---

B deild - Útgáfudagur: 18. júní 2025